

Mánudaginn 3. marzmán.

Nr. 4/1879:

Hið opinbera

gegn

gestgjafa Páli Eyjólfssyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur kaupstaðar 16. dag nóvembermán. f. á., er gestgjafi Páll Eyjólfsson fyrir að hafa haft 2 menn hjer úr bænum á veitingahúsi sínu eptir miðnætti aðfaranótt hins 17. okt. s. á., og fyrir að hafa veitt þeim eptir kl. 11^{1/2} um kveldið hins 16. s. m., dæmdur til að greiða 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar, svo og allan málskostnað. Þessum dómi hefur að beiðni hins kærða verið skotið til yfir-dómsins.

Með auglýsingum lögreglustjóra Reykjavíkur kaupstaðar, dagsettum 11. júní og 5. okt. f. á., er svo lagt fyrir veitingamenn og gestgjafa í kaupstaðnum, að loka veitingahúsum sínum ekki seinna á kveldum en kl. 11^{1/2}, að veita engum, sem fyrir er, upp frá þeirri stundu, og að láta alla aðra en næturgesti fara á miðnætti.

Í undirrettarstefnunni er hinn kærði sakaðar um að hafa haft ljós í veitingastofu sinni fram yfir kl. 12 nóttina milli 16. og 17. okt. f. á., og um, að tveir menn hjeðan úr bænum hafi komið út úr veitingahúsi hans eptir kl. 12 þessa nótt.

Með því veitingamönnum ekki er bannað í á-minnstum auglýsingum lögreglustjóra að hafa ljós í veitingastofum sínum eptir miðnætti, getur þetta atriði ekki komið til greina, heldur einungis hitt, að 2 menn, sem ekki gistu hjá kærða, voru í veitingahúsi hans fram yfir miðnætti.

Það er sannað í málinu, að 2 menn úr bænum voru um kveldið hins 16. okt. f. á. í veitingahúsi kærða við drykkju ásamt þriðja manni, sem gisti þar, og að kærði um miðnætti sagði hinum 2 aðkomumönnum, að þeir yrðu að fara, eins og það á hinn bóginn er upplýst, að þeir ekki fóru þá þegar úr veitingahúsinu, heldur einungis fluttu sig úr veitingastofunni inn í herbergi, sem næturgesturinn hafði leigt og átti að sofa í. Þessir 2 menn voru ekki gestir þess þriðja manns, sem með þeim var og gisti þar, heldur fengu þeir leyfi hjá kærða til að vera í herbergi hans fram yfir þann tíma, sem þeir áttu að fara. Yfirdómurinn verður því að álíta, að kærði hafi með því að veita fyrir sitt leyti þetta leyfi brotið gegn opt á minnstu banni lögreglustjóra, og kemst hann því ekki hjá að greiða sekt, er virðist hæfilega metin 6 kr., og renni í fátækra sjóð Reykjavíkur kaupstaðar. Um málskostnað í hjerði á undirrjettardómurinn óraskaður að standa. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi málaflutningslaun, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Kærði, gestgjafi Páll Eyjólfsson, á að greiða í sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar 6 krónur. Um málskostnað í hjerði á dómur undirrjettarins óraskaður að standa. Svo greiði hinn kærði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutn-

ingsmannanna J. Jónssonar og P. Melsteðs, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 24/1878:

Landritari Jón Jónsson fyrir
hönd hinnar íslensku sam-
lagsverzlunar í Björgvín eða
liquidationscomité hennar
gegn
Borgara E. Egilson.

D ó m u r:

Með yfirrjettardómi, uppkveðnum 26. apríl 1875, var Egill borgari Egilson dæmdur til þess að greiða hinni íslensku samlagsverzlun í Bergen 4062 kr. 41 eyri með vöxtum, og að gjöra innan ákveðins tíma skil fyrir forstöðu verzlunar þeirrar, er hann hafði á hendi haft fyrir fjelagið, og voru sektir við lagðar, ef að hann eigi gjörði svo. Krafðist svo landshöfðingjaritari Jón Jónsson, í umboði fjelagsins, að fjárnám væri gjört hjá E. Egilson fyrir hinni til dæmdu upphæð 4062 kr. 41 eyri með vöxtum og dagsektum frá 22. júlí 1875 til 29. maí 1878, eða til þess tíma, er rjetturinn ákvæði, allt að 10,350 kr., samt kostnaði við fógetagjörðina, en með úrskurði, upp kveðnum 31. maí 1878, neitaði fógetarjettur Reykjavíkur honum um að gjöra fjárnám fyrir áföllnum dagsektum.

Úrskurði þessum hefur nú áfrýjandinn skotið til yfirdómsins og krafizt þess, að úrskurðinum verði breytt þannig, að fjárnám fari fram hjá hinum stefnda fyrir áföllnum dagsektum, 10 kr., fyrir hvern dag frá 22. júlí 1875 til dags þess, er fjárnámið fer fram, eða þess